

Aðildarfélag KSÍ

Reykjavík, 19. janúar 2023.

Efni: Kosningar í stjórn á 77. ársþingi KSÍ

Framboð til stjórnar KSÍ skal skv. 15. grein laga KSÍ berast skrifstofu KSÍ skriflega minnst hálfum mánuði fyrir þing eða í síðasta lagi 11. febrúar nk. Kjörnefnd er þó heimilt að samþykka framboð sem fram kemur síðar ef nægjanlegur fjöldi hefur ekki tilkynnt framboð sitt innan tilkynningarfrests, sbr. grein 15.4 í lögum KSÍ.

Stjórn KSÍ er kosin á knattspyrnubingi og hafa allir kjörnir fulltrúar atkvæðisrétt.

Framkvæmd kosninga í stjórn KSÍ

Samkvæmt grein 15.1 í lögum KSÍ skal kosning til stjórnar fara þannig fram:

- Kosning formanns, annað hvert ár, til tveggja ára í senn. Formaður skal ekki sitja lengur en sex kjörtímabil samfleytt.
- Kosning fjögurra manna í stjórn til tveggja ára.
- Kosning þrjú manna til vara í stjórn til eins árs.

Kosning formanns

Vanda Sigurgeirsdóttir var kjörin formaður KSÍ á 76. ársþingi KSÍ þann 26. febrúar 2022. Kjörtímabili hennar lýkur á 78. ársþingi KSÍ árið 2024.

Kosning í stjórn

Tveggja ára kjörtímabili eftirtaldrá í stjórn KSÍ lýkur á 77. ársþingi KSÍ 25. febrúar nk.:

Guðlaug Helga Sigurðardóttir	Garði
Helga Helgadóttir	Hafnarfirði
Torfi Rafn Halldórsson	Reykjavík
Unnar Stefán Sigurðsson	Keflavík

Auk ofangreindra sitja í stjórn (tveggja ára kjörtímabili þeirra lýkur í febrúar 2024):

Ívar Ingimarsson	Egilsstöðum
Borghildur Sigurðardóttir	Kópavogi
Pálmi Haraldsson	Akranesi
Sigfús Ásgeir Kárason	Reykjavík

Kosning varamanna í stjórn

Eins árs kjörtímabili varamanna í stjórn lýkur á 77. ársþingi KSÍ 25. febrúar nk.:

Halldór Breiðfjörð Jóhannsson	Akranesi
Kolbeinn Kristinsson	Reykjavík
Tinna Hrund Hlynsdóttir	Ísafirði

Kosning aðalfulltrúa landsfjórðunga

Tveggja ára kjörtímabili aðalfulltrúa landsfjórðunganna lýkur í febrúar 2024:

Oddný Eva Böðvarsdóttir	Vesturland
Ómar Bragi Stefánsson	Norðurland
Eva Dís Pálmadóttir	Austurland
Trausti Hjaltason	Suðurland

Minnt er á ákvæði 14. og 15. greina laga KSÍ:

14.3.

... Fulltrúar landsfjórðunga skulu uppfylla sömu hæfisskilyrði og stjórnarmenn, skv. grein 15.2.

15.2.

Þeir sem bjóða sig fram til embætta sem kosið er um samkvæmt grein 15.1. skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða skattalögum. Óheimilt er að velja einstaklinga sem vitað er til að hafi hlotið refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 til starfa innan íþróttahreyfingarinnar.

15.3.

Sá sem býður sig fram til formanns eða stjórnar skulu hafa skrifleg meðmæli aðildarfélaga sem fara samanlagt með a.m.k. 12 atkvæði á knattspyrnuþingi.

Með tilkynningu um framboð er óskað eftir stuttri ferilskrá til birtingar á heimasíðu KSÍ. Í samræmi við ákvörðun kjörnefndar skulu framboð ásamt skriflegum meðmælum á þar til gerðu eyðublaði, send með tölvupósti til Hauks Hinrikssonar, lögfræðings á skrifstofu KSÍ (haukur@ksi.is) í síðasta lagi þann 11. febrúar næstkomandi.

Virðingarfyllst,
f. h. Knattspyrnusambands Íslands,



Klara Bjartmarz,
framkvæmdastjóri.

Afrit: ÍSÍ og kjörnefnd.

Fylgiskjal: Eyðublað um framboð á 77. ársþingi KSÍ